

**Sp. 71. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]**

um umferðaröryggi á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður.

Flm. Matthías Á. Mathiesen, Sigurður Ingimundarson, Alfreð Gíslason, bæjarfógeti.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vegamálastjóra gera athugun á því, á hvern hátt hægt sé að tryggja betur öryggi vegfarenda á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður en nú er gert, og verði þær úrbætur, sem gerðar verða, miðaðar við lagningu tvöfaldrar akbrautar.

**Greinargerð.**

Eins og kunnugt er, þá er vegurinn frá Reykjavík suður með sjó einn fjölfarnasti vegur landsins.

Meðfram vegi þessum hafa myndast byggðahverfi, svo sem við Hraunsholt og Silfurtún, auk þess sem vegurinn liggur í gegnum þetta byggð Kópavogskaupstaðar.

Það kemur æ betur í ljós við vaxandi umferð um veg þennan svo og aukna byggð, að brýna nauðsyn ber til, að gerðar verði allar þær ráðstafanir, sem best tryggja öryggi gangandi fólks og farartækja, sem um veginn fara.

Byggð hagar svo til, að gangandi fólk, börn og fullorðnir verða að fara í gegnum þá miklu umferð vélknúinna farartækja, sem um veginn fara, þar sem skólar, verzlunir og ýmsar stofnanir eru staðsettar sitt hvorum megin við þessa miklu umferðaræð.

Ýmislegt hefur verið gert til þess að tryggja öryggi í umferðinni, og er þar þýðingarmest lýsing vegarins milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, sem framkvæmd var eftir ályktun Alþingis.

Að sjálfsögðu verður vegur þessi gerður að tvöfaldrum akbraut, en á meðan svo er ekki, er aðkallandi að gera aðrar öryggisráðstafanir, sem þá yrðu miðaðar við þær breytingar, sem á veginum verða við lagningu tvöfaldrar akbrautar.

Í fyrsta lagi má benda á, að gerð verði sérstök bifreiðastæði utan vegarins fyrir áætlunarbifreiðar.

Í öðru lagi má benda á, að göng verði gerð undir veginn, göngubrýr yfir veginn eða sett verði upp umferðarljós fyrir gangandi fólk.

Ýmsar fleiri ráðstafanir, svo sem öryggisgirðingar meðfram veginum, lagning gangstéttar o. fl., er sjálfsagt að gera, og gerir tillaga þessi ráð fyrir, að sérfræðingum vegamálastofunnar verði falin umrædd athugun og geri þeir þar um tillögur til úrbóta.

Þegar slík rannsókn hefur farið fram og tillögur liggja fyrir, má ætla, að fleiri byggðarlög, sem svipað stendur á fyrir, muni hafa gagn þar af, en því er athugun þessi miðuð við áður nefnt svæði, að umferð er þar einna mest hér á landi og sérstakar aðstæður þær, að ekki er unnt að biða með úrbætur.

Rétt er að geta þess, að fyrirsvarsmenn byggðarlaga þeirra, sem að veginum liggja, hafa haft þessi mál til athugunar, en augljóst er, að framkvæmdir þessara mála svo og kostnaður verður að vera á vegum vegamálastjórnarinnar.